

Mánudaginn 18. ágústmán.

Nr. 30/1884

Rjettvísinn

gegn

Guðmundi Þorsteinssyni.

D ó m u r :

Með eigin játningu hins ákærða, Guðmundar Þorsteinssonar, prentarasveins hjer í bænum, og öðrum skýrslum er það löglega sannað, að hann kvöld eitt í aprilmánuði síðastliðnum hafi tekið kvennkoffur, sem móðir hans hafði undir höndum til sölu, án vilja hennar og vitundar, og boðið það til kaups í húsi einu hjer í bænum fyrir 10 kr., en ekki getað selt það. Þegar móðir hins ákærða saknaði koffursins, sem hefur verið virt 15 krónur, gekk hún á hinn ákærða um, að hann hefði tekið það, og játaði hann það þá, og skilaði koffrinu aptur. Koffrið var geymt í lokuðu kofforti þegar hinn ákærði tók það, og komst hann í koffortið með því að sprengja það upp með axarblaði. Fyrir þetta afbrot er hinn ákærði, sem er fæddur 27. júlí 1866 og tvisvar áður hefur verið straffaður fyrir þjófnað, dæmdur fyrir aukarjetti Reykjavíkurkaupstaðar 16. júní þ. á. samkvæmt 233., 22. og 26. gr. hegningarlaganna í 120 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og til að borga allan af málinu löglega leiðandi kostnað; en þeim dómi er eptir ósk hins ákærða áfrýjað til yfirdómsins.

Afbrot hins ákærða heyrir undir 230. og 38. sbr. 62. gr. hegningarlaganna, og með því að hann er orðinn fullra 18 ára síðan undirrjettardómurinn var kveðinn upp, má nú beita við hann fangelsishegningu við vatn og brauð, og virðist hegning sú, sem

hann hefur verðskuldað, hæfilega metin 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Svo ber honum og að borga allan af máli þessu löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svara-
manns fyrir yfirdóminum, sem ákveðast 10 kr. handa
hvorum.

Rekstur málsins í hjeraði og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði, Guðmundur Þorsteinsson, á að sæta fangelsi við vatn og brauð í 2×5 daga og borga allan kostnað af sök þessari, þar á meðal í málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málafærslumannanna Jóhannesar Ólafssonar og Páls Melsteðs, 10 kr. til hvors.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 26/1884

Hið opinbera
gegn

Jóni Ebenezerssyni.

D ó m u r :

Með eigin játningu hins kærða og öðrum skýrslum er það löglega sannað, að hinn kærði, Jón Ebenezersson á Ísafirði, sem var formaður í Bolungarvík veturinn 1883—84, hafi 3. janúar síðast liðinn farið í hákarlalegu á sexæringi og aflað 9¹/₂ tunnu af hákarlalifur á miði, sem heitir í „Ljósauga“ eða „Djúpi Skjambur“, og liggur 3—4 mílur til hafs norður af Deildarhorni yzt á Stigahlíð, en hafi skor-